

## 2. gr.

Aftast í XI. kafla komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Reglu 5. mgr. 88. gr. verður beitt um þá stúdent, sem hafa innritað sig til náms við lagadeild sumarið 1992 eða síðar, og tekur hún til þeirra prófa, sem stúdent hefur þreytt eftir innritun.

## 3. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 23. nóvember 1995.*

**Björn Bjarnason.**

Árni Gunnarsson.

## LÖG

**um breytingu á sveitarstjórnarlögum,  
nr. 8/1986, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 109. gr. laganna, sbr. lög nr. 20/1994, skal um atkvæðagreiðslu um sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum 2. desember 1995 gilda eftirfarandi:

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 108. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k.  $\frac{2}{3}$  þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k.  $\frac{2}{3}$  íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. nóvember 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Páll Pétursson.